

Skipulagsstofnun
b/t Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

10. júlí 2025
UOS2506406/A.Ö.H

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun – Sorporkuver á Strönd, Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Áformað er að reisa sorporkuver með tveim brennsluofnum við urðunarstaðinn á Strönd í Rangárþingi ytra, þar sem Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er með aðstöðu. Til stendur að nýta þá innviði sem þegar eru til staðar á svæðinu.

Verkefninu verður skipt í tvo áfanga, þar sem einn ofn verður settur upp í hvorum áfanga. Þegar báðir ofnar verða í rekstri verður uppsett afl 2 MW þar sem miðað er við að 6.000 tonn af blönduðum úrgang og aukaafurðir dýra verða brennd. Miðað er við að brennslugildi úrgangsins verði á bilinu 11 – 12 MJ/kg að jafnaði. Áætluð orkuframleiðsla hvers ofns verður 8.000 MWh af heitu vatni á ári.

Veitur hafa lýst yfir áhuga á að kaupa orkuna og nýta við að hækka hitastig jarðhitavatns til húshitunar. Lagðar verða tvær lagnir, ein lögn frá núverandi stofnlögn hitaveitunnar að varmaskipti við sorporkustöðina (aðrennsli) og lögn sem leidd er tilbaka í stofnlögn hitaveitunnar (frárennsli).

Loftgæði

Í matsáætlun er ekki tekið fram hvaða eldsneyti verði notað við gangsetningu og til að viðhalda bruna í brennsluofnum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að val á eldsneyti getur haft áhrif á mengun og losun í loft.

Botnaska

Í matsáætlun kemur fram á bls 11. og 21. að til standi að urða botnösku í rein/reinar fyrir óvirkkan úrgang, „að því gefnu að askan uppfylli skilyrði fyrir óvirkkan úrgangs sbr. lið 2.1.2 í viðauka II við reglugerð um urðun úrgangs, nr. 738/2003“. Einnig eru áform um „að nýta öskuna til uppfyllinga í húsgrunnum, vegstæðum og til annarra verkefna, þar sem mól eða jarðvegur eru annars notuð...“. Það er mat stofnunarinnar að botnaska sem myndast eftir bruna á blönduðum úrgangi sé ekki líkleg til að geta talist sem hæft til nýtingar með þeim hætti sem lýst er í matsáætluninni, s.s til fyllingar í húsgrunnum eða vegstæðum. Sé óskað eftir að fara þá leið þarf að leita álits Umhverfis- og orkustofnunar um hvort hægt sé að endurnýta úrganginn (botnöskuna) sbr. reglugerð nr. 564/2014 um lok úrgangsfasa. Umhverfis- og orkustofnun tekur undir og ítrekar að eingöngu megi urða botnösku, ef niðurstöður útskolunarprófs uppfylli skilyrði til urðunar skv. viðauka II reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Uppfylli niðurstöður útskolunarprófs ekki skilyrðin, skal koma botnöskunni í viðeigandi farveg. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að hægt er að nota einhverja þá tækni sem talin er upp í bestu aðgengilegu tækni (BAT) vegna brennslu úrgangs. Í BAT 36¹ eru taldar upp þær aðferðir sem hægt er að beita við meðhöndlun á botnösku.

Vatnamál

Engar upplýsingar um vatnsnotkun eða frárennsli frá starfseminni koma fram í matsáætluninni. Stofnunin bendir á að við mat á umhverfisáhrifum þarf að skoða hvort rekstur brennsluofnanna geti haft áhrif á nærliggjandi vatnshlot.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið og eru markmið þeirra lagalega bindandi.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*² um það hvernig beri að framkvæma áhrifamat fyrir vatnshlot.

¹ [Besta Aðgengilega Tækni vegna brennslu úrgangs](#)

² [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

Starfsleyfi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að rekstur sorpbrennsluofnanna er starfsleyfisskyld hjá stofnuninni og fellur undir 8.a) tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemin er flokkuð í lið 8.a í viðauka IX reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að málshraðaviðmið fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfis er 240 dagar frá því að fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur

Arnar Össur Harðarson
sérfræðingur